



Skýrsla stjórnar um starfsárið 2020- 2021

Lögð fram á ársfundi 20. maí 2021

1. Stjórn, fulltrúaráð og framkvæmdastjóri

Á ársfundi 20. maí 2020 var kosið í stjórn og fulltrúaráð AkureyrarAkademíunnar en samkvæmt skipulagsskrá kýs ársfundur sjö manna fulltrúaráð, þar af þrjá í stjórn, til eins árs í senn úr hópi skráðra fulltrúa.

Í stjórn starfsárið 2020-2021 hafa verið:

- Steinunn A. Ólafsdóttir, formaður
- Ólafur B. Thoroddsen, gjaldkeri, og í fjarveru hans Dr. Martina Huhtamäki
- Dr. Sigurgeir Guðjónsson, ritari

Í fulltrúaráði hafa verið:

- Dr. Arndís Bergsdóttir,
- Bergljót Þrastardóttir
- Dr. Martina Huhtamäki,
- Dr. Valgerður S. Bjarnadóttir

Aðalheiður Steingrímsdóttir framkvæmdastjóri hefur verið í 30% starfi frá því hún hóf störf um miðjan mars 2020 en gert er ráð fyrir að hækka hlutfallið í 50% þegar kemur fram á þetta ár. Stjórnin hefur haldið níu stjórnarfundum á starfsárinu.

2. Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Grunnforsenda starfs AkAk er samningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið sem tryggir stofnuninni fjármagn og gerir henni kleift að hafa starfsmann sem heldur utan um rekstur og starfsemi. Gengið var frá framlengingu á samstarfssamningi AkAk við mennta- og menningarmálaráðuneytið til eins árs í byrjun ársins 2020 og var framlagið 9,1 m.kr. á því ári. Þegar kom fram haustið hófust viðræður við ráðuneytið um samstarfssamning til næstu þriggja ára og var gert ráð fyrir að hann myndi liggja fyrir í árslok en ráðuneytið óskaði síðan eftir því í desember að aðilar gerðu nýjan viðauka við gildandi samstarfssamning sem framlengdi gildistíma hans út árið 2021 eða þar til nýr samningur tæki gildi innan ársins. Gengið var frá nýjum viðauka í janúar 2021 og er framlagið vegna þessa árs 9,2 m.kr. Haldnir voru tveir

samráðsfundir með ráðuneytinu um fjármál og starfsemi AkAk samkvæmt ákvæðum samstarfssamnings aðila, annar í júní og hinn í október 2020, þar sem framkvæmdastjóri AkAk fundaði með fulltrúum ráðuneytisins.

3. Húsnæðismál

AkureyrarAkademían komst í öruggt húsnæði þegar fest voru kaup á skrifstofuhúsnæði í verslunarmiðstöðinni Sunnuhlíð 12 sem var í eigu Díls ehf. Bókhaldsþjónustu og var skrifað undir kaupsamning í janúar 2020 og flutt í nýja húsnæðið í lok febrúar. Kaupverð var 25.800.000 kr. og var tekið bankalán að upphæð 20.250.000 kr. til að fjármagna kaupin. Húsnæðið er tæplega 180 fm að stærð og hentar starfsemi AkAk mjög vel. Þar er nú vinnuaðstaða fyrir 14 manns og er aðstaða framkvæmdastjóra meðtalin. Þegar húsnæðið var keypt samdi fyrrverandi eigandi um að fá að vera áfram í hluta rýmisins en á móti var kaupverð eignarinnar lækkað og var gert ráð fyrir að rýmið yrði losað í febrúar á þessu ári. Fyrrverandi eigandi óskaði síðan eftir því að fá að vera áfram og var gengið frá ótímabundnum leigusamningi í febrúar á þessu ári með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti.

4. Starfið í AkureyrarAkademíunni

Það hægðist á starfsemi AkAk á starfsárinu vegna áhrifa kórónuveirunnar og reyndist nauðsynlegt að slá ýmsu á frest, eins og reglulegum súpufundum akademóna í hádeginu þar sem rætt er um starfið á vettvangi AkAk og jólaboði akademóna. Einnig hefur samstarf við HA legið að miklu leyti í láginni og ýmis starfsáform hafa þurft að bíða vegna stöðunnar í samfélaginu. En þrátt fyrir þetta hefur samt sem áður tekist að koma ýmsu í verk eins og kemur fram í eftirfarandi yfirliti yfir starfið á vettvangi AkAk á starfsárinu.

- Í júní var farið í árlega vorferð akademóna og skoðaðir merkir staðir í Fossselsskógi við Skjálfandafljót og farið til Húsavíkur.

- Í september var blásið til fundar akademóna um mótun starfsstefnu fyrir AkAk samkvæmt 4. gr. skipulagsskrár og var Hólmar Svansson framkvæmdastjóri HA fenginn til að stýra fundinum. Þar var dregið saman með umræðum mikilvægt fóður í stefnumótun sem stjórn og framkvæmdastjóri hafa unnið úr og mótað drög að starfsstefnu. Áætlanir gengu út á að eiga fleiri fundi með akademónum um drögin en aðstæður út af kórónaveirunni settu þær úr skorðum og því ákvað stjórn að fara þá leið að koma drögunum fyrir á netinu og að leita til akademóna um álit á þeim áður en þau yrðu lögð fyrir ársfund AkAk 2021 til umræðu og samþykktar.
- Í september var einnig samstarfsamningur við HA endurnýjaður til næstu þriggja ára, sjá nánar í kaflanum um samstarf.
- Í nóvember hófu Fréttabréf AkAk göngu sína og koma þau út annan hvern mánuð og er tilgangur þeirra að miðla upplýsingum til akademóna og samstarfsaðila um það helsta sem er efst á baugi í starfinu hverju sinni á vettvangi AkAk og að styrkja gagnkvæm tengsl og samskipti.
- Í nóvember fór einnig aftur af stað samstarf AkAk og öldrunarheimila Akureyrar um fyrirlestraröð akademóna fyrir íbúa heimilanna og aðra bæjarbúa. AkAk fékk til þessa styrki frá Menningar- og viðurkenningasjóði KEA og Samfélagssjóði Norðurorku. Ekki var hægt vegna kórónaveirunnar að halda fyrirlestrana í salnum á Hlíð og að hafa þá opna fyrir bæjarbúa og því var brugðið á það ráð að streyma fyrirlestrum úr fundarherberginu í húsnæði AkAk til íbúa heimilanna sem fylgdust með þeim í sjónvörpum á sínum deildum:
 - Í nóvember var Arndís Bergsdóttir nýdoktor við HÍ með fyrirlestur um byggðasafnið að Snartastöðum í Norður-Þingeyjarsýslu sem hét: *Það sem konur gerðu. Rýnt í sýningu safnsins að Snartastöðum* og byggði hann á rannsókn Arndísar á safninu sem er um margt ólíkt öðrum byggðasöfnum í landinu en þar skipar handverk kvenna og heimilishald veglegan sess.
 - Í desember var Jón Hjaltason sagnfræðingur með fyrirlestur með heitinu: *Markús Ívarsson; saga Eyfirðings sem var á flótta undan réttvísinni í tæp fjörutíu ár*. Þar var sagt frá óvenjulegu lífshlaupi þessa manns sem var ungur dæmdur fyrir ærstuld og sat í tukthúsi í Kaupmannahöfn.

- Í janúar voru sagnfræðingahjónin Margrét Guðmundsdóttir og Þórarinn Hjartarson með fyrirlestur sem hét: *Sigríður á Tjörn. Lífsganga sveitakonur. Myndbrot og minningar* og byggði hann á textum sem Sigríður hefur skrifað og viðtölum sem hafa verið tekin við hana sem börn Sigríðar hafa safnað og gefið út í bók.
- Til stóð að Þórarinn Hjartarson sagnfræðingur myndi vera með fyrirlestur í apríl í salnum á Hlíð um *Pál Ólafsson og ljóðagerð hans* með áherslu á ástarljóðin og söguna bak við þau þar sem ljóðin eru ýmist lesin eða sungin. Fresta þurfti tónlistarviðburðinum vegna kórónaveirunnar og standa vonir til að hægt verði að bjóða upp á hann í maí eða júní.
- Í febrúar gerði stjórn AkAk samning við Margréti Guðmundsdóttur sagnfræðing um að taka saman yfirlit yfir lokaritgerðir, ritverk, rannsóknarskýrslur, tímaritsgreinar, útgefið kennsluefni, fyrirlestra og sýningar sem háskólafolk og aðrir fræðimenn hafa unnið að á vettvangi AkAk frá stofnun Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi árið 2006 og til þessa dags. Yfirlitið tekur til afmarkaðra þátta og felur í sér skráningu á nöfnum einstaklinga, á hvaða tímabili viðkomandi var með vinnuaðstöðu og að hvaða verkum var unnið. Tilgangurinn með yfirlitinu er fyrst og fremst að vekja athygli á því fjölbreytta vísinda- og fræðastarfi sem farið hefur fram á þessum vettvangi í gegnum árin og mikilvægi þess fyrir samfélagið. Stefnt er að því að yfirlitið liggi fyrir í vor og að fyrsta kynning á því fari fram á ársfundi AkAk 2021. Í framhaldinu verður yfirlitið birt á miðlum AkAk og notað til að vekja athygli á og kynna starfið á vettvangi stofnunarinnar.
- Í febrúar réðst innanhúsfólk AkAk einnig í að endurskipuleggja vinnuaðstöðuna í húsnæðinu í Sunnuhlíð í þeim tilgangi að uppfæra hana og fjölga vinnurýmum til útleigu en þá bættust við þrjú vinnuþláss.
- Í apríl endurnýjuðu AkureyrarAkademían og ReykjavíkurAkademían samstarfssamning sinn til næstu þriggja, sjá nánar í kaflanum um samstarf. Í tilefni af endurnýjun samningsins héldu stjórnir akademíanna rafrænan málfund þar sem þær og akademónar ræddu saman um aðferðir við efla samstarfið til framtíðar.

- Eins og áður hefur jafnframt verið lögð áhersla á að efla upplýsingamiðlun um starf á vettvangi AkAk á heimasíðu og samfélagsmiðlum sem og að flokka sorp til að draga úr áhrifum starfseminnar á umhverfið.

5. Innanhúsfólk

Alls voru 16 fulltrúar með vinnuástöðu hjá AkAk á starfsárinu 2020-2021, til lengri eða skemmri tíma: Arndís Bergsdóttir, Bergljót Þrastardóttir, Daníel Gunnarsson, Egill Ástráðsson, Hulda Sædís Bryngeirsdóttir, Kristín Thorberg, Martina Huhtamäki, Ólafur B. Thoroddsen, Sigurgeir Guðjónsson, Sólveig Rósa Davíðsdóttir, Steinunn A. Ólafsdóttir, Valentína Jóhannsdóttir, Valgerður S. Bjarnadóttir, Valgerður Ósk Einarsdóttir, Þóra Pétursdóttir og Þórhallur S. Bjarnason. Til samanburðar voru 17 fulltrúar með vinnuástöðu hjá AkAk á starfsárinu 2019-2020.

Eins og áður hefur innanhúsfólk unnið að unnið að fjölbreyttum verkefnum, birt greinar og ritverk, haldið erindi á fundum og ráðstefnum og verið ráðið til rannsóknarstarfa.

Eftir að flutt var í nýja húsnæðið í Sunnuhlíð dró um tíma úr eftirspurn eftir vinnuástöðu vegna kórónaveirunnar sem brugðist var við með því að auglýsa lausa vinnuástöðu og frá hausti 2020 hefur í heildina verið góð nýting á vinnuplássum.

6. Samstarf

Hér er gerð grein fyrir ytra samstarfi AkureyrarAkademíunnar á starfsárinu.

- **Akureyrarbær**

Vorið 2020 óskaði stjórn AkAk eftir samræðum við Akureyrarbæ um að koma á formlegu samstarfi aðila með tilvísun til samstarfs ReykjavíkurAkademíunnar og Reykjavíkurborgar. Í samræðunum kom upp sú hugmynd að Akureyrarbær veitti AkAk stuðning með þeim hætti að leigja þar vinnuborð fyrir einstaklinga sem væru að vinna að mótun hugmynda á sviði nýsköpunar- og frumkvöðlafræða. Í kjölfarið var Akureyrarstofu falið af hálfu bæjarins að

útfæra í samstarfi við AkAk frekari áherslur og er gert ráð fyrir að gengið verði frá nýjum samstarfssamningi á næstunni sem og verklagsreglum um auglýsingar á vinnuplássum og vali á umsækjendum.

- **Háskólinn á Akureyri**

Í september var samstarfssamningur AkAk og Háskólans á Akureyri endurnýjaður til næstu þriggja ára og er markmið hans m.a. eins og áður að efla samstarf milli aðila og stuðla að sem bestri nýtingu sérfræðiþekkingar, kunnáttu, efniviðs og aðstöðu sem samningsaðilar búa yfir. Samkvæmt samstarfssamningnum sendir AkAk á hverri önn upplýsingar um þá sem starfa innan AkAk og hafa þær nýst vel til þess að kortleggja betur þá sérfræðiþekkingu sem er til staðar á svæðinu. Í samningnum er einnig kveðið á um sameiginlegt ráðstefnuhald aðila einu sinni á samningstímabili en samræður við HA um útfærslu á þessu hafa þurft að bíða vegna áhrifa kórónuveirunnar.

- **ReykjavíkurAkademían**

Í apríl var samstarfssamningur AkAk og ReykjavíkurAkademíunnar endurnýjaður til næstu þriggja ára. Markmið samningsins er að efla samstarf milli stofnananna og fræðimanna þeirra með áherslu á samráðsfundi og málþing, miðlun hagnýtra og stjórnunartengdra upplýsinga, rannsóknir og miðlun og nýtingu aðstöðu og húsnæðis. Eins og áður er ákvæði í samningnum um að þeir sem leigja vinnuaðstöðu á öðrum hvorum staðnum geti fengið tímabundna aðstöðu á hinum staðnum. Nánari upplýsingar um þessa möguleika má alltaf nálgast hjá skrifstofum akademíanna. Í tilefni af nýja samningnum blésu stjórnir og fræðimenn akademíanna til rafræns málfundar þann 26. apríl til að eiga samtál um aðferðir við að efla samstarf AkAk og RA til framtíðar.

7. Dæmi um verkefni sem eru framundan

- Hrinda í framkvæmd nýrri starfsstefnu AkAk og starfsáætlun sem byggð er á henni.
- Setja upp fyrirlestraröð í haust í samráði við öldrunarheimilin í bænum eins og á undanförunum árum sem felur í sér fyrirlestra akademóna fyrir íbúa heimilanna og aðra bæjarbúa. AkAk nýtur stuðnings Menningar- og viðurkenningasjóðs KEA og Menningarsjóðs Akureyrar við fyrirlestrahaldið.

- Efla samtal og samstarf akademóna um starf á vettvangi AkAk, upplýsingamiðlun og samstarf við ýmsa aðila.
- Fjölga háskólafélki og þeim sem sinna fræði- og ritstörfum í húsnaði AkAk.

Stjórn AkAk þakkar öllum sem komið hafa að starfsemi stofnunarinnar á starfsárinu fyrir þeirra framlag og ánægjulegt samstarf.

Akureyri 19. maí 2021

F.h. stjórnar

Steinunn A. Ólafsdóttir formaður